

Nefndasvið Alþingis
B.t. Evu M. Ævarsdóttur
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík.



22. mars 2000

Umsögn um þingsályktun um bætta stöðu þolenda kynferðisbrota, 174 mál.

Samtökin Barnaheill fagna framkominni þingsályktun um bætta stöðu þolenda kynferðisbrota. Barnaheill vilja hins vegar benda á að verkefni nefndarinnar sem á að gera ítarlega úttekt á stöðu þolenda kynferðisbrota og ferli kærumála í réttar- og dómskerfinu er mjög viðamikil. Nefndarmenn eiga að skoða:


- Lagaákvæði er varðar starfshætti dómstóla.
- Hvort þörf sé á að herða refsiakvæði.
- Leggja fram tillögur um hvernig bæta megi stuðning og meðferðarúrræði fyrir fórnarlömb.
- Hvaða fyrirbyggjandi aðgerðum er hægt að beita m.a. gagnvart gerendum.
- Benda á leiðir til að hvetja þá sem hafa verið beittir kynferðislegu ofbeldi til að kæra verknaðinn.

Í greinargerðinni kemur einnig fram að megintilgangur tillögunnar sé að sérfræðingar verði fengnir til að gera ítarlega úttekt á öllu réttarfari í kynferðisbrotamálum, einkum þeim er snerta börn og unglunga. Flutningsmenn gera þó ekki ráð fyrir að tilnefndir séu fulltrúar frá félögum lögfræðinga eða lögmannna né fulltrúi dómara sem hlýtur að vera mjög mikilvægt í þessu samhengi.

Barnaheill vilja ítreka að liðir a-e hér að ofan eru allir jafnmikilvægir þættir til að efla þekkingu á þessum málaflokki en ólíklegt að sami einstaklingur hafi góða þekkingu á öllum þessum sviðum og því mikilvægt að fulltrúar frá ólíkum sviðum og stofnunum sitji í nefndinni svo hægt sé að skipta með sér verkum. Ef haft er í huga viðamikil verksvið nefndarinnar má spyrja hvort tíminn fram að haustþingi 2000 sé nægjanlegur til verksins.

Að lokum má benda á að með tilkomu Barnahúss er í fyrsta sinn möguleiki á að afla reynslu og sérþekkingar á þessu sviði frá þeim sem að slíkum málum koma og því afar mikilvægt að sú starfsemi haldi áfram ekki síst til að efla traust á milli ólíkra starfstétta þolendum kynferðisbrota til hagsbóta, ekki síst börnum og unglingum.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla


Kristín Jónasdóttir, framkvæmdastjóri.